


Haraldur Rúnar Bjarnason
Rvk Studios
Laugavegur 176
105 Reykjavík



Reykjavík 1. mars 2018
UST201802-277/I.M.B.
09.08.02

Efni: Akstur utan vega

Umfhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Rvk Studios, dagsett 22. febrúar 2018, um leyfi til utanvega aksturs við Fellsendavatn vegna kvikmyndatöku, 1.-27. mars 2018.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum. Heimilt er að leggja vélknúnum ökutækjum bílbreidd frá vegi ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slyshættu, þó þannig að samræmist ákvæðum umferðarlaga og fyrirmælum yfirvalda um umferðaröryggi. Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 2. og 3. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að aka utan vega við Fellsendavatn á tímabilinu 1.-27. mars 2018 vegna kvikmyndagerðar. Um er að ræða fjóra jeppa á 38-44 tommu dekkjum og fjóra snjósleda sem munu aka frá svokölluðu Basecamp að tveimur tókustöðum sem staðsettir verða annars vegar vestan við Basecamp (um 300m) og hins vegar suður af Basecamp (um 270m). Aka þarf leikmyndum á tókustaði með jeppunum. Gert er ráð fyrir að ekið verði eingöngu á snjó en annars verði allt yfirfarið og slóðadregið í lokin ef þarf. Að auki verður sett upp rafstöð og salerni. Ekki er unnt að vinna verkefnið nema keyra á jeppunum að þeim stöðum sem leikmyndir verða settar upp. Basecamp verður staðsett á og við veginn við vatnið. Telur búnaðurinn þar m.a. þrjár aðstöðurútur, fimm trukka, fjóra sendibíla, 20 minni jeppa og sendla.

Áhrifamat:

Svæðið sem óskað er eftir leyfi til að aka utan vega á er að mestu ógróinn sandur. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að aksturinn hafi neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til þeirra skilyrða sem sett eru fyrir akstrinum. Umhverfisstofnun mælist til þess að ekið verði á snævi þakinni frosinni jörð ef þess er kostur til að minnka umhverfisáhrif akstursins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Fellsendavatn að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum. Leyfið felur þó ekki í sér heimild til að sýna ökutækin í akstri utan vega í mynd:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Leyfishafi skal hafa þetta bréf meðferðis þegar unnið er að verkefninu við Fellsendavatn.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðrum kosti eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um utan vega akstur að tókum loknum. Umferð farartækja utan vega takmarkast við það svæði sem tókur fara fram á. Akstur utan vega skal einungis fara fram á tilgreindum svæðum skv. meðfylgjandi staðsetningarpunktum. Einungis skal ekið á svörtum gróðursnauðum söndum á fyrrgreindum svæðum og á snævi þakinni frosinni jörð þar sem þar sem þess er kostur.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill utan þess sem leyfi þetta nær til. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega nema skv. 1. mgr., 31. gr. í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, bílbreidd frá vegi ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slyshættu.
- Starfsmenn við kvikmyndatöku skulu sjá til þess að vegslóðar sem myndast við utan vega akstur verði ekki villandi fyrir aðra gesti svæðisins og sjái til þess að óviðkomandi aðilar aki ekki þá vegslóða.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökurnar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun bendir á að rétt sé að gera lögreglu og Vegagerð viðvart vegna umfangs bílaflota sem áætlað er að hafa á og við veginn við Fellsendavatn.


Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir leyfi vegna utanvega aksturs er kr. 39.400, sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur